



## 311. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

### Miðvikudagur 31. janúar 2023 kl. 16.00

#### Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður , Guðrún Inga Sívertsen (GS) , Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ) fjarverandi, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH) fjarverandi.

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

Gestur: Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ

#### 1. Fundur með sérsamböndum

Þann 18. janúar sl. staðfesti framkvæmdastjórn ÍSÍ tillögu stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ um úthutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2024. Var sérsamböndum í framhaldinu tilkynnt um úthlutun styrks til viðkomandi sérsambands og sundurliðun hans í afreksþætti. Í framhaldi óskuðu nokkur sérsambönd eftir fundi til að fá skýringar á úthlutun sinni.

Þann 24. janúar sl. var haldinn fundur með fulltrúum FSÍ þar sem þeir komu á framfæri sínum athugasemdum við úthlutunina og fengu skýringar. Var sá fundur haldinn þar sem fulltrúar FSÍ komust ekki á sameiginlegan fund allra sérsambanda.

Þann 29. janúar var haldinn sameiginlegur fundur fulltrúa stjórnar Afrekssjóðs, forseta, framkvæmdastjóra og afreksstjóra ÍSÍ og allra sérsambanda þar sem sérsamböndin gátu fengið skýringar á sinni úthlutun eða komið á framfæri athugasemdum við úthlutunina. Á fundinum komu fram athugasemdir og ábendingar sérsambanda vegna úthlutanna sem stjórn sjóðsins taldi rétt að skoða.

Forseti ÍSÍ upplýsti fundinn um að ÍSÍ hafi sent bréf á fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og barnamálaráðherra þar sem lýst er áhyggjum varðandi takmarkað fjármagn í afreksstarf sérsambanda og kallað eftir auknu framlagi. Jafnframt var óskað eftir fundi með þessum ráðherrum.

#### 2. Umræða um úthlutun og athugasemdir sérsambanda

Fram fór umræða um úthlutun og athugasemdir sérsambandanna.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ kom á fundinn kl. 16.35. Upplýsti um stöðu mála varðandi samskipti við stjórnvöld. Hann yfirgaf fundinn kl. 16.43.

AS yfirgaf fundinn 16.52. Eftir yfirferð á athugasemdum sérsambanda var ákveðið að auka úthlutun hjá nokkrum sérsamböndum.

### **3. Endurskoðun úthlutana 2024.**

#### **Verkefnasérsambönd**

Við úthlutun láðist að taka tillit til Verkefnasérsambanda þegar horft var til 25% reglu sem segir að heimilt sé að ...veita sérsambandi viðbótarstyrk til að koma í veg fyrir að heildarstyrkur til sérsambandsins úr Afrekssjóði ÍSÍ lækki umfram 25% á milli ára.

Leiðréttist það hér með og er því lagt til að styrkur til neðangreindra sérsambanda verði hækkaður sem hér segir:

Sérsamband	Úthlutun 18.1	Úthlutun nú	Alls úthlutun 2024
Borðtennissamband Íslands	1.400.000	17.500	1.417.500
Hnefaleikasamband Íslands	1.400.000	62.500	1.462.500
Skautasamband Íslands	1.400.000	325.000	1.725.000
Tennissamband Íslands	1.400.000	325.000	1.725.000
Hjólreiðasamband Íslands	1.200.000	1.275.000	2.475.000

#### **Fimleikasamband Íslands (FSÍ)**

Við úthlutun hafði stjórn sjóðsins ekki tekið tillit til árangurs ungmennaliðs FSÍ á Evrópumeistaramóti í hópfimleikum 2022 þar sem liðið lenti í þriðja sæti. Í umsókn FSÍ var árangurinn ranglega skráður fjórða sæti. Að teknu tilliti til þessa og fjölda þátttökujóða í keppninni telur stjórn sjóðsins rétt að styrkja FSÍ í afreksþættinum *Kostnaður vegna þátttöku í HM/EM/YOG ungmenna* um 2.000.000kr.

**Lagt er til að FSÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 2.000.000kr. vegna þessa.**

#### **Sundsamband Íslands (SSÍ)**

Komið hefur í ljós að í umsóknareyðublaði frá SSÍ sem sent var inn til ÍSÍ þann 4. desember sl. var villa sem gerði það að verkum stuðull á ferð í umfangi var rangur. Hefur hann verið leiðréttur og reiknast aukning á umfangi við það vera 220.500kr.

**Lagt er til að SSÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 220.500kr. vegna þessa.**

#### **Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)**

Við úthlutun hafði stjórn sjóðsins ekki tekið tillit til þess að KKÍ hafði á síðasta ári áunnið sér rétt með fyrri árangri að keppa í undankeppni um að komast á lokamót heimsmeistaramóts í körfuknattleik 2023.

Með sama árangri tryggði KKÍ sér sæti í 32 liða undankeppni fyrir Evrópumeistaramót 2025 (Eurobasket25) þar sem 24 lið komast í lokamót.

Ætti KKÍ því að falla undir skilgreininguna að hafa áunnið sér sæti í Topp32 liða úrslitum á HM/EM. Að teknu tilliti til þessa og að KKÍ er í Afreksflokk II (85%) telur stjórn sjóðsins rétt að styrkja KKÍ í afreksþættinum *Kostnaður vegna þátttöku í HM/EM/ÓL/PL* um 5.950.000kr. (7.000.000kr.\*85%).

**Lagt er til að KKÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 5.950.000kr. vegna þessa.**

#### **Íshokkísamband Íslands (ÍHÍ)**

Við úthlutun hafði stjórn sjóðsins ekki tekið tillit til þess að ÍHÍ hafði á síðasta ári áunnið sér rétt með fyrri árangri að keppa í riðlakeppni heimsmeistaramóts í íshokký árið 2023, 2. deild A. Í efri deildum eru alls 28 lið og því hefur ÍHÍ keppni 29-34 bestu þjóða í heimi.

Ætti ÍHÍ því að falla undir skilgreininguna að hafa áunnið sér sæti í Topp32 liða úrslitum á HM/EM. Að teknu tilliti til þessa og að ÍHÍ er í Afreksflokki IV (50%) telur stjórn sjóðsins rétt að styrkja ÍHÍ í afreksþættinum *Kostnaður vegna þátttöku í HM/EM/ÓL/PL um 3.500.000kr. (7mkr.\*50%).*

Við viðbótarúthlutunina fellur niður styrkur vegna 25% reglu að fjárhæð 933.902kr.

**Lagt er til að ÍHÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 2.566.098kr. vegna þessa.**

Þannig er lagt til að viðbótarúthlutanir nú séu alls 12.741.598kr.

Verður heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2024 þá alls 512.143.098kr.

#### **4. Önnur mál**

Upplýst hefur verið að Sigrún Sjöfn Ámundadóttir hefur óskað eftir tímabundnu leyfi frá stjórnarsetu í Afrekssjóði ÍSÍ vegna annarra starfa. Beðið er eftir tilnefningu staðgengils hennar frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Fundi slitið kl. 17.02